**19. fundur stjórnar Þjóðkirkjunnar**

19. fundur stjórnar Þjóðkirkjunnar var haldinn þann 21. október 2025 kl. 9:00 í fundarsal Þjóðkirkjunnar að Borgartúni 26.

Mætt voru stjórnarmennirnir Rúnar Vilhjálmsson, formaður, Árni Helgason, varaformaður, Arna Grétarsdóttir, Einar Már Sigurðarson og Þuríður Björg Wiium Árnadóttir. Þá sátu fundinn sr. Guðrún Karls Helgudóttir, biskup Íslands, Birgir Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Drífa Hjartardóttir forseti Kirkjuþings og Eiríkur Guðlaugsson, lögmaður, sem ritaði fundargerð.

1. **Formaður setti fund og hóf biskup fundinn á ritningarlestri og bæn**

2. **Yfirlit framkvæmdastjóra**
    a. Rekstaryfirlit:
        i. Framkvæmdastjóri kynnti rekstraryfirlit fyrir janúar til september 2025.
    b. Rekstraráætlun 2026:
        i. Framkvæmdastjóri kynnti helstu forsendur í rekstraráætlun fyrir árið 2026.
        ii. Gert er ráð fyrir að vaxtatekjur ársins 2025 verði nýttar í viðhald fasteigna á næsta ári til viðbótar við það sem áætlað er til viðhalds fasteigna.
    c. Fasteignatengd mál:
        i. Framkvæmdastjóri kynnti minnisblað um ástand íbúðarhúss að Skútustöðum og viðhaldskostnað. Ákveðið var að leggja fram tillögu um söluheimild á húsnæðinu.
    d. Húsnæðisstuðningur:
        i. Framkvæmdastjóri kynnti minnisblað um húsnæðisstuðning. Verður málið unnið áfram.

3. **Kirkjuþing**
    a. Rætt var um mál sem liggja fyrir komandi þinglotu kirkjuþings.

4. **Önnur mál**
    a. DH vakti máls á húsnæði í landi Odda sem stendur autt. Fasteignasviði falið að kanna málið m.t.t. hugsanlegrar sölu eignarinnar.
    b. Fundarmenn þökkuðu fyrir gott samstarf nú þegar kjörtímabil stjórnarinnar er að ljúka.

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða. Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 10:00.